

Ár 2012, mánudaginn 22. október er dómþing áfrýjunardómstóls ÍSÍ háð á skrifstofu dómsins að Engjavegi 6 í Reykjavík af Jóni G. Zoëga, forseta dómsins, Snorri Olsen og Karli Gauta Hjaltasyni.

Fyrir er tekið mál nr. 8/2012:

Skiðasamband Íslands (SKÍ)

gegn

Skiðaráði Reykjavíkur

Og uppkveðinn svohljóðandi:

Ú r s k u r ð u r :

Áfrýjandi skaut málinu til dómstólsins með áfrýjun 17. júlí s.l. eftir að dómstóllinn heimilaði áfrýjun málsins með ákvörðun 11. júlí. Áfrýjað er dómi skiðadómstóls SKÍ í máli nr. 1/2012, sem uppkveðinn var 7. maí 2012.

Málið var tekið til úrskurðar 8. október 2012 að loknum munnlegum málflutningi um frávisunarkröfu varnaraðila.

Áfrýjandi hefur í málinu gert þær dómkröfur að málið fái efnislega meðhöndlun fyrir dómstólnum og að frávisunarkröfu stefnda verði hrundið.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur að málinu verði vísað frá áfrýjunardómstól ÍSÍ en til vara að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

I.

Varnaraðili telur í fyrsta lagi að málið sæti ekki áfrýjun til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þar sem Skiðasambandið hefur samkvæmt lögum sínum ákvæði um Skiðadómstól, sem sé sérdómstóll í skilningi 14. gr. laga SKÍ, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga ÍSÍ. Í öðru lagi telur varnaraðili að áfrýjunarfrestur hafi verið liðinn þegar málinu var áfrýjað til áfrýjunardómstóls ÍSÍ og í þriðja lagi telur varnaraðili að áfrýjandi sé umboðslaus til áfrýjunar málsins.

II.

Í lögum ÍSÍ er fjallað um dómstóla íþróttahreyfingarinnar í 4 kafla. Þar segir í grein 20.1 að dómstólar ÍSÍ hafi fullnaðarlögsögu yfir þeim málum sem koma upp innan íþróttahreyfingarinnar og sem varða lög og reglur ÍSÍ, sérsambanda, héraðssambanda, íþróttabandalaga o.s.frv. Dómstólar ÍSÍ eru tveir eins og kemur fram í greinum 20.2 og 20.3., dómstóll ÍSÍ, sem er fyrsta dómstig og áfrýjunardómstóll ÍSÍ sem er æðsti dómstóll innan íþróttahreyfingarinnar. Það er því almenna reglan að dómstólar ÍSÍ fjalli um þau mál sem koma upp innan íþróttahreyfingarinnar.

Frá þessari meginreglu er þó heimilt að víkja sbr. grein 20.1., þar sem segir að sérsamböndum sé „þó heimilt að ákveða í lögum sínum að viðkomandi sérsamband hafi sérstaka dómstóla, undirdómstig og áfrýjunardómstig, innan viðkomandi sambands“. Síðar í sömu grein kemur fram að sérsamband telst heyra undir dómstóla ÍSÍ þar til lagabreyting sem tiltekur að viðkomandi sérsamband hafi tekið upp eigið dómstólakerfi, hefur verið staðfest af ÍSÍ. Staðfesting á lögum sambandsaðila er gerð af framkvæmdastjórn ÍSÍ, eins og kemur fram í j-lið greinar 18.1.

Í lögum SKÍ er í 14. gr. ákvæði um skiðadómstól, hvernig hann er skipaður og um meðferð mála fyrir honum, en í 7. ml. greinarinnar er gert ráð fyrir að dómum skiðadómstólsins kunni að vera áfrýjað, en ekki er tekið

fram til hvaða dómstóls. Í lokamálsliðnum segir að dómstóllinn starfi að öðru leyti samkvæmt dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ. Eftir því sem kemur fram á heimasíðu SKÍ var skíðalögum síðast breytt á Skíðaþingi í maí 2006.

III.

Áfrýjunardómstóll ÍSÍ leitaði til skrifstofu ÍSÍ varðandi hvort lög SKÍ hefðu verið staðfest samkvæmt ofangreindu. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofunni voru lög Skíðasambandsins síðast tekin til umfjöllunar árið 2006, þar sem staðfest var breyting á 5. gr. laganna sem fjallar um fulltrúafjölda á ársþing Skíðasambandsins. Lögin voru staðfest með þeirri breytingu, en gerð smávægileg athugasemd vegna orðalags í 9. gr. laganna um aukaping, svo lögin virðast hafa verið lesin yfir í heild sinni. Einnig fjallaði ÍSÍ um lög Skíðasambandsins árið 2005 þar sem nokkuð margar breytingar voru gerðar á lögum sambandsins. Engar athugasemdir voru þá gerðar við lög sambandsins með áorðnum breytingum og þau staðfest af framkvæmdastjórn ÍSÍ. Ekki er að finna upplýsingar um að ÍSÍ hafi gert athugasemd vegna 14. greinar laga Skíðasambandsins sem fjallar um skíðadómstóllinn, en sú grein er í báðum ofangreindum tilfellum inni í lögum SKÍ.

IV.

Eins og áður segir þá getur ÍSÍ samþykkt að sérsambönd ákveði í lögum sínum að viðkomandi sérsamband hafi sérstaka dómstóla, undirdómstig og áfrýjunardómstig innan síns sérsambands. Samkvæmt 2. málslið 2. málsgreinar greinar 20.1 skulu dómstólar þeirra sérsambanda sem taka upp eigið dómstólakerfi lúta dómstólareglum viðkomandi sérsambands og skulu öll ágreiningsmál er varða þá íþróttagrein rekin fyrir viðkomandi sérsambandsdómstólum.

Eins og að framan er rakið þá gera lög ÍSÍ ráð fyrir því að uppbygging dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar geti verið með tvennum hætti. Annars vegar sú almenna framkvæmd að mál séu rekin fyrir dómstólum ÍSÍ og hins vegar sú sérframkvæmd að viðkomandi sérsamband hafi sérstaka dómstóla sem hafi tvö dómsstig, þ.e. undirdómsstig og áfrýjunardómstig innan viðkomandi sérsambands. Ekki liggur fyrir í málinu að ÍSÍ hafi fjallað sérstaklega um dómstólakerfi Skíðasambandsins en hins vegar liggur fyrir að ÍSÍ hefur fjallað um lög Skíðasambandsins og framkvæmdastjórnin samþykkt þau með ákvæði um sérstakan skíðadómstól sem gerir einungis ráð fyrir einu dómsstigi. Telja verður að umrætt ákvæði í lögum Skíðasambandsins um dómstólakerfi SKÍ uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru í lögum ÍSÍ um tvö dómstig. Staðfesting framkvæmdastjórnar ÍSÍ á lögum sem ekki eru í samræmi við lög ÍSÍ getur ekki breytt neinu um þá niðurstöðu. Samkvæmt þessu á að reka mál sem varða Skíðaíþróttina fyrir dómstólum ÍSÍ. Niðurstöður dómstóls Skíðasambandsins, sem ekki uppfyllir kröfur laga ÍSÍ hafa því ekki gildi innan íþróttahreyfingarinnar.

V.

Að því er varðar áfrýjun á máli þessu til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þá segir í grein 33.1 í lögum ÍSÍ að heimilt sé að skjóta til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, dómum og úrskurðum dómstóls ÍSÍ. Það liggur fyrir að dómstóll ÍSÍ hefur ekki fjallað um þetta mál og þegar af þeirri ástæðu er ekki unnt að áfrýja þeirri úrlausn sem hér liggur fyrir til áfrýjunardómstóls ÍSÍ og ber því að vísa málinu frá áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Ú r s k u r ð a r o r ð

Máli þessu er vísað frá áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Dómþingi slitið,
Jón G. Zoëga (sign)
Snorri Olsen (sign)
Karl Gauti Hjaltason (sign)